

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 111/1993.

Veðifélag Langadalsár

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Bjarna Ingvari Árnasyni og

Grími Jónssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Eignarréttur. Skaðabætur. Sjálftaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði gert sameiginlega að greiða sér 799.999 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 til 12. maí 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krefur stefndu um bætur á þeim grundvelli, að 1. júní 1991 hafi þeir í heimildarleysi numið brott geymsluskúr, sem hafi staðið allt frá árinu 1987 hjá veiðihúsi við Langadalsá, og ýmsa lausafjármuni, sem þar hafi verið, en við þetta brottmál hafi stefndu einnig unnið spjöll á landi umhverfis veiðihúsið. Áfrýjandi vísar til þess, að veiðifélagið Á stöng, sem stefndu eru félagsmenn í, hafi leigt Langadalsá af sér frá 1. mars 1986 til 1. mars 1991 og lagt til á því tímabili skúrin og lausafjármunina, sem hann hafi keypt af félaginu og greitt fyrir samtals 244.762 krónur. Kveður áfrýjandi kaupsamning hafa komist á, áður en geymsluskúrin var fluttur að Langadalsá á árinu 1987, enda hafi kaupin verið fortakslaust skilyrði fyrir því, að veiðifélaginu Á stöng yrði heimilað að setja hann þar niður. Stefndu halda því hins vegar fram, að áfrýjanda hafi lengi staðið til boða að kaupa skúrin og lausafjármunina og viðræður

farið fram um kaupin, en um þau hafi þó aldrei samist endanlega. Telja stefndu þessi verðmæti því hafa tilheyrt veiðifélaginu Á stöng við lok leigutímans og þeim verið heimilt að fjarlægja þau, en greiðslur áfrýjanda breyti engu þar um, því að félagið hafi ýmist endursent honum þær eða endurgreitt með vöxtum.

Í gögnum málsins verður ekki fundin stoð fyrir þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að heimild veiðifélagsins Á stöng til að flytja umræddan geymsluskúr að Langadalsá hafi verið háð skilyrði um, að hann yrði seldur sér. Á síðari stigum gengu vissulega yfirlýsingar milli áfrýjanda og veiðifélagsins Á stöng, þar sem gert var ráð fyrir, að áfrýjandi keypti eða yrði á annan hátt eigandi að hinum umdeilda geymsluskúr. Fyrirliggjandi yfirlýsingar um þetta eru hins vegar ýmist tengdar eftir hljóðan sinni samningaumleitunum um framlengingu á leigusamningi um Langadalsá, sem báru ekki árangur, eða háðar óvissu um endurgjald. Þá verður einnig að líta til þess, að í gögnum, sem stafa frá áfrýjanda, er ekki einhlítt, að hann hafi haldið fram eignarrétti að geymsluskúrnum. Í því sambandi má einkum vísa til bréfs fyrirvarsmanns áfrýjanda 24. mars 1990 til veiðifélagsins Á stöng, þar sem er hvatt til þess, að félögin tvö reyni að leysa deilur sínar, en síðan er tekið fram, að „... ef það ekki tekst og þið ætlið að eiga húsið þá verður það ekki á lóðinni í sumar“. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjanda hafi tekist gegn eindreginni neitun stefndu að sýna fram á, að samið hafi verið um, að hann eignaðist geymsluskúrinn. Verða því staðfest ákvæði hins áfrýjanda dóms um sýknu stefndu af kröfu áfrýjanda um bætur vegna andvirðis skúrsins.

Með vísan til forsendna hins áfrýjanda dóms ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda um bætur vegna andvirðis lausafjármuna og skemmda á landi og girðingu. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjandi dómur staðfestur um annað en málskostnað.

Þegar stefndu tóku geymsluskúrinn og lausafjármunina, sem deilt er um í málinu, var leigutími veiðifélagsins Á stöng að Langadalsá runninn út, og voru munirnir því að réttu lagi í umráðum áfrýjanda. Stefndu beittu sjálftöku til að ná umráðum yfir mununum í stað þess að leita aðfarargerðar til fullnustu á réttindum sínum. Í því ljósi þykir rétt, að aðilarnir beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 30. apríl 1992.

Stefnandi er Veðiðifélag Langadalsár, kt. 670683-0609, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Stefndu eru Grímur Jónsson, kt. 240626-4979, Háaleitisbraut 45, Reykjavík, og Bjarni Ingvar Árnason, Haukanesi 23, Garðabæ.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða in solidum skaðabætur, að fjárhæð 799.999 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefndu voru upphaflega gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að stefndu yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ.

Málið var flutt munnlega um frávísunarkröfu stefndu 28. október 1992. Með úrskurði, upp kveðnum 5. nóvember 1992, var frávísunarkröfu stefndu hafnað.

II.

Með leigusamningi, dagsettum 1986, tók stangaveiðifélagið Á stöng á leigu veiðirétt í Langadalsá í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, en leigusali var stefnandi þessa máls. Leigutími var 1. mars 1986 til 1. mars 1991. Stangaveiðifélagið Á stöng er ekki skráð firma, en meðal félagsmanna eru stefndu.

Samkvæmt leigusamningi fylgdu með í leigunni afnot af veiðihúsi og búnaði samkvæmt sérstakri skrá. Til hliðar við veiðihúsið var þá á lóðinni lítill skúr, sem fyrri leigutakar árinna höfðu sett niður og notað sem geymslu. Skúr þennan, sem stóð á stöplum og var eign fyrri leigutaka, fjarlægðu þeir eftir fyrsta sumar veiðifélagsins Á stöng við ána.

Árið 1987 keypti veiðifélagið Á stöng skúr af Vegagerð ríkisins og setti niður í samráði við stefnanda á þeim stað, sem hinn fyrri hafði staðið. Stefnandi lagði hins vegar til gröfu til að grafa fyrir nýjum stöplum, sem

skúrin var látinn standa á. Veðifélagið Á stöng lét endurbæta skúrin, smíða pall milli skúrsins og veðihússins og lausan gangstígspall frá tröppum veðihússins að hliði. Kostaði félagið þær framkvæmdir allar.

Pegar í byrjun árs 1988 komu upp áform veðifélagsins Á stöng um framlengingu leigusamnings um ána að loknum leigutíma. Í málinu liggur frammi uppkast að slíkum viðbótarsamningi, þar sem veðifélagið Á stöng skuldbindur sig til þess að leggja fram fé til framkvæmda við ána. Í uppkasti þessu segir m. a., að viðbygging sú, sem veðifélagið Á stöng hafi sett niður, verði eign Veðifélags Langadalsár, ca. 400.000 kr., en veðifélagið Á stöng hafi fullan yfirráðarétt yfir því út samningstímabilið.

Ekki náðist samkomulag milli aðila á þessum grundvelli, en samninga-umleitunum var haldið áfram.

Í apríl 1988 sendi stefnandi veðifélaginu Á stöng ávísun á 80.000 kr., sem móttækin var og færð í bókhaldi félagsins sem skuld við stefnanda.

Hinn 11. júní 1988 var haldinn sameiginlegur fundur stjórnar stefnanda og veðifélagsins Á stöng, m. a. um framlengingu á leigusamningi aðila. Þar var bókað, að rætt hefði verið um geymsluskúr, sem settur hefði verið niður við veðihúsið sumarið 1987, og ákveðið að fela tilteknum mönnum að ganga endanlega frá greiðslu geymsluskúrsins og öllu, sem honum fylgdi. Í bréfi stefnda Gríms Jónssonar til stefnanda, sem ritað mun hafa verið í september 1988, kemur fram, að veðifélagið Á stöng gerir stefnanda ákveðið tilboð varðandi ræktunarmál Langadalsár. Í 4. lið þess tilboðs segir, að eftirstöðvar af húsi, 80.000 kr., skuli felldar niður svo sem aðrar greiðslur, sem kunna að vera óuppgerðar á milli félaganna.

Í bréfi stefnda Gríms Jónssonar, dags. 2. nóvember 1988, til stefnanda er vísað til umræðna um ræktunarmál árinna. Þá segir m. a., að ákveðið hafi verið að standa við áður umrætt verð á viðbyggingu við veðihúsið, 160.000 kr., auk annars kostnaðar við uppsetningu og frágang hússins skv. fram lögðum reikningum. Muni því ekki verða krafist greiðslu fyrir vinnu við húsið. Í niðurlagi þessa þáttar segir, að verði ekki á þetta fallist, muni húsið verða fjarlægð og stefnanda endurgreitt það, sem greitt hafi verið inn á, auk vaxta.

Í janúar 1989 ritaði Ragnar Magnússon f. h. stjórnar stefnanda stefnda Grími Jónssyni, þar sem segir, að fagnað sé þeirri yfirlýsingu, að staðið verði við samkomulag um kaup á viðbyggingu við veðihús í Langadal. Síðan segir í bréfinu: „Við viljum mega líta svo á, að þau mál séu þar með frágengin og sú „deponering“, sem við neyddumst til þess að gera á greiðslum vegna þess, sé þar með leyst út.“

Í bréfi Ragnars Magnússonar, formanns stefnanda, til Rafns E. Gestsson-

ar, eins félagsmanna veiðifélagsins Á stöng, dags. 24. mars 1990, kemur fram, að enn sé deilt um viðbótarleigu á ánni. Í bréfinu kemur fram, að ef ekki takist að leysa mál þessi farsælega og að veiðifélagið Á stöng telji sig eiga húsið, verði það ekki á lóðinni það sumar.

Í ársbyrjun 1991 var veiðifélaginu Á stöng tilkynnt, að ekki yrði af samningum við félagið né heldur yrði veiðin boðin út. Þá hafi stefnandi „deponerað“ eftirstöðvar greiðslna vegna skúrsins, þar sem veiðifélagið Á stöng hafi neitað viðtöku á þeim.

Með bréfi, dags. 23. janúar 1991, endursendi veiðifélagið Á stöng stefnanda 80.000 kr., sem greiddar höfðu verið árið 1988 ásamt vöxtum vegna geymsluhússins. Enn fremur var endurgreiddur kostnaður við niðursetningu hússins.

Hinn 1. júní 1991 fóru þrír félagar veiðifélagsins Á stöng, þar á meðal stefndu, tóku geymsluhúsið og allt það, sem í því var, og fluttu á brott. Taka þessi var þegar kærð til lögreglunnar á Ísafirði, sem aðhófst ekkert í málinu, eftir að upplýst var, að tókumenn töldu sig vera eigendur. Málið var af hálfu stefnanda þá kært til ríkissaksóknara.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 5. mars 1992, kom fram, að veiðifélagið Á stöng hefði staðið fyrir töku viðbyggingarinnar, og þar sem deila væri um eignarrétt hennar, sem ekki yrði leyst í sakamáli, þættu eigi efni til frekari aðgerða af hálfu ákærvalds.

Af hálfu stefnanda er vitnað til, að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni vegna töku á húsinu, sem augljóslega hafi verið eign hans skv. gögnum málsins og í vörslu hans og tengt á fastar undirstöður. Tjón þetta eigi stefnandi lagalegan rétt á að fá bætt.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig, að miðað sé við brunabótamat hússins, 635.049 kr., eins og það var metið 13. febrúar 1991, og 164.951 kr. vegna töku á lausafjarmunum þeim, sem tilgreindir séu í sérstakri skýrslu, vegna skemmda á lóð og girðingum og vegna minni afnota af húsnæðinu í heild, þar með töldu veiðihúsinu, sem ekki var tekið.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að veiðifélagið Á stöng hafi allan tímann verið eigandi hússins, sem hafi í raun verið hreyfanlegur vinnuskúr. Skúr þennan hafi veiðifélagið Á stöng tryggt frjálsri tryggingu og greitt af iðgjald. Við töku á skúrnum hafi upprunalegu veiðihúsi verið komið í samt horf, eins og það var við upphaf leigutíma, þar á meðal hafi verið sett upp grindverk á pall framan við húsið og það málað. Því sé mótmælt, að nokkur spjöll hafi verið unnin á eignum stefnanda við brottflutninginn, og því til sönnunar sé myndbandsupptaka, sem gerð hafi verið við þetta tækifæri. Af lausafjarmunum hafi félagar í veiðifélaginu Á stöng eingöngu tekið þá

muni, sem þeir sjálfir áttu, þar á meðal nýlegan ísskáp, en hinn, sem var lítt nothæfur, hafi þeir skilið eftir í veiðihúsinu. Loftmynd af veiðisvæðinu hafi þeir sjálfir átt og sett upp 1987, eins og reikningar þeirra fyrir myndina og greiðsla fyrir innrömmun hennar sanni.

Félagar í veiðifélaginu Á stöng hafi gefið stefnanda kost á að eignast skúrin, en það hafi verið bundið skilyrði um framlengingu leigusamnings, fyrst um 10 ár, en síðar um 7 ár. Þessu hafi stefnandi hafnað, og því hafi ekki orðið af samningum um, að stefnandi eignaðist hann. Formaður stefnanda tilkynnti, að ef ekki yrði af samningum um, að stefnandi fengi skúrinn, yrði veiðifélagið Á stöng að flytja hann brott þegar á árinu 1990. Í maí-mánuði 1990 hafi formaðurinn tilkynnt, að hann teldi allar líkur á, að samningar gætu tekist um framhald á leigu árinna, og hafi því ekki þótt ástæða til að flytja hann á brott, fyrr en á það reyndi endanlega, að ekki yrði af samningum.

Ekki hafi á nokkurn hátt verið sýnt fram á, að brottnám félaga í veiðifélaginu Á stöng á eignum sínum að loknu veiðitímabili hafi valdið stefnanda tjóni, og sé sýknukrafan á því reist.

III.

Niðurstaða.

Í gögnum málsins kemur glögglega fram, að leigutaki árinna, veiðifélagið Á stöng, leitaði eftir viðbótarsamningi um leigu árinna og ræktun í henni eftir lok fyrirliggjandi leigusamnings. Kaup á geymsluskúr þeim, sem veiðifélagið Á stöng keypti og setti niður við hlið veiðihúss, tengdust í upphafi þessum samningaumleitunum. Þannig var veiðifélagið Á stöng tilbúið til að selja stefnanda skúrinn á kostnaðarverði, 160.000 kr., auk kostnaðar við flutning hans, efnis og fleira, samtals fyrir 244.762 kr. Í því verði var hins vegar ekki með talin vinna félagsmanna við að setja skúrinn niður og koma honum í það horf, sem hann var í. Var því ljóst, að verðmæti skúrsins var mun meira en umsamið kaupverð til stefnanda átti að vera, svo sem sjá má af stefnukröfum.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að kaup á skúrnum á umsömdu verði tengdust viðræðum um framhald á leigu árinna og raunar forsenda kaupanna, svo sem stefndu halda fram. Móttaka veiðifélagsins Á stöng á 80.000 kr. í apríl 1988 stofnaði stefnanda því ekki rétt til að álíta, að kaup hefðu tekist á skúrnum einum út af fyrir sig, enda engin gögn, sem styðja þá málsástæðu. Sú greiðsla var endursend stefnda ásamt vöxtum, þegar er ljóst var, að samningaumleitani um framleigu árinna myndu ekki takast.

Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið eigandi skúrsins, þegar stefndu tóku hann af lóðinni að leigutíma loknum. Þar sem sjá má af skjölum málsins, að aðilar deildu um eignarrétt að skúrnum á þessum tíma, hefði verið eðlilegt, að stefndu leituðu til sýslumanns um heimild til brottflutnings hans. Það, að svo var ekki gert, leiði hins vegar ekki til þess, að þeir verði dæmdir bótaskyldir fyrir verðmæti hans. Ber því að sýkna stefndu af bótakröfu stefnanda, sem styðst við mat á verðmæti skúrsins.

Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi verið eigandi þeirra lausafjármuna, sem krafist er bóta fyrir, enda upplýst, að þeir tengdust kaupum á skúrnum og fylgdu honum, að undanskilinni loftmynd af svæðinu, en fyrir dómi kom fram, að stefnandi var ekki eigandi þeirrar myndar. Verða stefndu því ekki dæmdir til greiðslu andvirðis þessara lausafjármuna.

Þegar það er metið, sem fram hefur komið í gögnum málsins og stutt er skýrslum fyrir dómi, þykir ósannað, að stefndu hafi við töku skúrsins valdið skemmdum á landi og girðingu, að fjárhæð 60.000 kr., svo sem stefnandi heldur fram. Ber því að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem hæfilegur þykir 150.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Grímur Jónsson og Bjarni Ingvar Árnason, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi, Veiðifélag Langadalsár, greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
